

## Mögulegar staðsetningar á sjóbaðsaðstöðu á Kársnesi dags. 10.1.2022

Bæjarfulltrúi Bergljót Kristinsdóttir lagði fram fyrirspurn á fundi skipulagsráðs 20 september 2021, þar sem óskað var eftir tillögum Umhverfissviðs að mögulegum staðsetningum ylstrandar við Kársnes og að kallað verði eftir sjónarmiðum Umhverfisstofnunar um áhrif ylstrandar á verndað svæði á suðurhluta Kársness .

Ylströnd eins og hún er útfærð í Nauthólsvík krefst pláss á landi fyrir aðkomu, bílastæði og skiptiaðstöðu fyrir gesti. Ennfremur þarf að gera ráð fyrir strandlínu við Kársnes sem hægt er að útbúa upphitað lón og strandsvæði.

Við úrvinnslu og samráði við Umhverfisstofnun var áráðið skoða einnig staðsetningar fyrir **einfaldari sjóbaðsaðstöðu** við strandlengju Kársness. Sjóbaðsaðstaða er hægt að útfæra tildæmis með heitum potti í sjávarmáli, landmótun eða bryggju sem auðveldar aðgengi að sjó osfrv.

Skipulagsdeild leggur í þessu minnisblaði fram fjórar mögulegar staðsetningar á sjóbaðsaðstöðu á Kársnesi. Fjallað er um kosti og galla hverrar tillögu og að lokum settar fram frumtillögur að útfærslu.

Tillögur að staðsetningu og hugmyndir sem settar eru fram eru á frumstigi. Ráðlagt er að fara í nánari greiningavinnu, hönnun og samráð við Umhverfisstofnun ef áhugi er að skoða eina eða fleiri staðsetningar sem settar eru fram.

## 1. Helstu forsendur við staðarval á sjóbaðsaðstöðu

Friðlýst- og hverfisvernduð svæði á Kársnesi takmarka talsvert mögulegar staðsetningar fyrir sjóbaðsaðstöðu. Einnig eru aðrir takmarkandi þættir við staðarval svo sem varnargarðar, sjávarstraumar, hafnarstarfsemi, bátaumferð og möguleg mengun frá yfirfalli skólpdælustöðvar og annarrar starfsemi.



- **Friðlýst svæði við strönd Kársnes**

Það eru tvö friðlýst náttúruverndarsvæði við strandlengju Kársnes. Innst við Fossvogsleirur er 24 ha friðlýst svæði sem liggur frá botni Fossvogs að tanga þar sem Siglingarstofnun var til húsa og síðar Landsréttur. Við Kópavogsleiru í Kópavogi er 39 ha friðlýst svæði sem nær frá botni Kópavogs við Hafnafjarðarveg að smábátahöfn við enda Bakkabrautar. Í báðum tilfellum er að ræða vernd til að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi.

- **Hverfisvernduð svæði við strönd Kársnes**

Það eru tvö hverfisvernduð svæði við strandlengju Kársnes. Við húsnæði Landsréttar er Tangi er lítið raskað svæði þar sem á árum seinni heimsstyrjaldarinnar mun herinn hafa verið með loftvarnarbyssu vegna nálægðar við Reykjavíkurflugvöll.

Sólbyrgi er einnig hverfisverndað svæði á sunnanmegin á Kársnesi. Þar er hlaðið mannvirki við strönd Kársness, neðan við Þinghólsbraut 65. Gert 1940-50. Fróðleiksskilti á staðnum.

- **Yfirfallslögn frá dælustöð**

Dælustöð á Hafnarbraut á Kársnesi tekur við skólpi frá stofnlögn frá Garðabæ og Kópavogi og dælir áfram skólpi í lögn undir Fossvoginn í hreinsistöð í Ánanausti. Við dælustöðina er yfirfallsútrás sem

liggur í Fossvoginn. Við viðhald á dælustöðinni og yfirfall getur skólpi runnið í Fossvog og með því skapast hættan í að saurgetlamengun í sjó verði yfir viðmiðunarmörkum á tímabilinu

### Sjóvarnargarðar, straumar og brim.


Sjóvarnargarðar hafa verið byggðir meðfram ströndinni á Kársnesi að hluta sjá mynd 1. Sérstaklega hafa landfyllingar og byggingarsvæði við Kársneshöfn og bryggjuhverfið við Naustavör verið varin með sjóvarnargörðum. Sjóvarnargarðar hafa það hlutverk að verja byggð fyrir flóðum og hækkandi sjávarhæð.

Ofangreindar forsendur takmarka að ákveðnu leiti hvaða svæði eru skoðuðu sem mögulegar staðsetningar fyrir sjóbaðsaðstöðu við Kársnes.

## 2. Mögulegar staðsetningar fyrir sjóbaðsaðstöðu

Skipulagsdeild leggur fram fjórar mögulegar staðsetningar á sjóbaðsaðstöðu á Kársnesi. Fjallað er um kosti og galla hvernar tillögu og að settar fram frumtillögur að útfærslu.

- A Sjóbaðsaðstaða sunnan við Kársneshöfn
- B Sjóbaðsaðstaða/ylströnd við Höfða / Smábátahöfn Ýmiss
- C Sjóbaðsaðstaða við Kársneshöfn
- D Sjóbaðsaðstaða við brúarenda (Tillaga frá Spot on Kársnes)



**A. Sjóbaðsaðstaða sunnan við Kársneshöfn**

Sunnan við hafnarsvæðið væri mögulega hægt að útfæra sjóbaðsaðstöðu með einfaldri bryggju útfrá hafnarkanti eða frá strandlengjunni. Nú þegar er ráðgert að útbúa áningastað á vestast á hafnarkantinum fyrir sjóstangveiðimenn sem nýta sér svæðið að sumarlagi

Staðsetningin er í frekar góðu vari frá hafstraumum og myndi að öllum líkindum henta vel sem svæði fyrir sjósundaðstöðu. Svæðið snýr vel á móti morgun- og hádegissól.



*Eftirfarandi er talið sem kostir og gallar fyrir ofangreinda staðsetningu:*

| Kostir                                          | Gallar                                                                |
|-------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------|
| Snýr vel við sólu                               | Mögulega áhrif á stækkun hafnar sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi |
| Liggur við uppbyggingarsvæði                    | Nálægð við friðlýst náttúrverndarsvæði                                |
| Mögulegt að koma fyrir bílastæðum á hafnarsvæði |                                                                       |

## B. Sjóbaðsaðstaða við Höfða /smábátahöfn Ýmiss

Mögulegt er að staðsetja sjóbaðsaðstöðu eða ylströnd við Höfða á norðurströnd Kársness þar sem strandlínán hefur að mestu verið raskað með landfyllingum á undanförunum áratugum.

Líklegt er að barna og unglingastarf verði áfram á svæðinu og því myndi það samræmast vel því að ylströnd/sjóbaðsaðstaæða yrði útfærð á svæðinu. Húsnæði þar sem barna- og unglingastarf Kópaness og siglingafélagið Ýmir eru með aðstöðu gæti nýst fyrir sturtu og búningsaðstöðu fyrir sjóbaðsaðströnd. Svæðið snýr vel að því að nýta hádegis, síðdegis og kvöldsól. Svæðið er í vel varið fyrir hafstraumum.



Eftirfarandi er talið sem kostir og gallar fyrir ofangreinda staðsetningu:

| Kostir                                                   | Gallar                                                       |
|----------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------|
| Vernd fyrir hafstraumum                                  | Nálægð við hverfisverndarsvæði en verndarflokkur er útivist  |
| Liggur vel við hádegis- og kvöldsól                      | Snýr ekki vel á móti morgunsól                               |
| Svæðið er við barna- og unglingastarf Kópaness           | Mögulegari árekstrar við bátaumferð                          |
| Nálægð við núverandi siglingaklúbbba og mögulega aðstöðu | Leirkenndur sjávarbotn við strönd og möguleg áhrif á botnlíf |
|                                                          | Aðgengi og skortur á bílastæðum fyrir almenning              |
|                                                          | Nálægð við friðlýst svæði                                    |
|                                                          | Lítill útskipti sjávar                                       |



C. Sjóbaðaðstaða við Kársneshöfn

Mögulegt er að staðsetja sjóbaðsaðstöðu í Kársneshöfn. Möguleiki væri að útbúa fljótandi baðaðstöðu líkt og í Vök baths í Fellabæ. Staðsetningin getur valdið árekstrum við starfsemi hafnarinnar og fyrirhugaðri uppbygginu á ferðatengdri þjónustu svo sem eins og hvalaskoðun.



Eftirfarandi er talið sem kostir og gallar fyrir ofangreinda staðsetningu:

| Kostir                                         | Gallar                                |
|------------------------------------------------|---------------------------------------|
| Gott aðgengi                                   | Möguleg árekstrar við hafnarstarfsemi |
| Vernd fyrir hafstraumum                        | Árekstrar við bátaumferð              |
| Liggur vel við hádegis- og kvöldsól            | Mengun frá Hafnarstarfsemi            |
| Hægt væri að útbúa aðstöðu fyrir gesti á landi |                                       |

#### D. Sjóbaðaðstaða við brúarfót (Spot-on Kársnes)

Staðsetning og hugmyndir um stjórbaðsaðstöðu eða jafnvel ylströnd kom fyrst í tilögu Spot-On Kársnes sem var vinningstillaga hugmyndasamkeppninnar Nordic built cities. Staðsetning ylstrandar er í nánd við brúarfót fyrirhugaðrar brúar yfir Fossvog og gerir ráð fyrir nokkurri landfyllingu til að mynda skállaga strandsvæði og að strandlínán sé framlengd til suð-austurs. Forsenda fyrir þessari staðsetningu **er framlenging yfirfallslögn** frá skólpadælustöð sem liggur inní víkina eins og hún er teiknuð tillögu í spot on Kársnes.



Mynd 1. Tillaga Spot-On Kársnes að staðsetningu strandsvæðis.

Eftirfarandi er talið sem kostir og gallar fyrir ofangreinda staðsetningu:

| Kostir                                   | Gallar                                     |
|------------------------------------------|--------------------------------------------|
| Vernd fyrir hafstraumum                  | Möguleiki á uppsöfnun á aur                |
| Liggur vel við morgun- og hádegissól     | Möguleg áhrif á botnlíf                    |
| Liggur nálægt hágæða almenningssamgöngum | Snýr ekki vel á móti síðdegis- og kvöldsól |
|                                          | Nálægð við dælustöð og útrás               |
|                                          | Aðgengi og bílstæði tak                    |



### 3. Niðurstaða

Val á staðsetningu og hugmyndavinna er á frumstigi og þörf er á frekari greiningarvinnu og samráði við Umhverfisstofnun fyrir þá staði sem hér eru sýndir. Ráðlagt er að fara í slíka vinnu og samráð ef áhugi er að skoða eina eða fleiri staðsetningar fyrir ylströnd eða aðrar útfærslur á sjóbaðsaðstöðu.